

19. apríl 2021.

Áfrýjunardómstóll ÍSÍ.

Hákon Hrafn Sigurðsson

gegn

Tindi, íþróttafélagi


Mál þetta barst Íþróttasambandi Íslands þann 1. apríl sl. með greinargerð áfrýjanda þar sem þess var krafist að hrundið yrði áfrýjuðum dómi Dómstóls ÍSÍ frá 25. mars sl. þar sem kröfum um að stefnda yrði gert að sæta áminningu var hafnað. Kröfum um að ummæli yrðu dæmd ómerk og stefndi myndi biðjast afsökunar á þeim á opinberum vettvangi var vísað frá dómi.

Áfrýjandi gerði sömu kröfur í greinargerð og fyrir dómkorti ÍSÍ, en undir rekstri málsins fíll hann frá kröfum um að ummæli yrði dæmd ómerk og stefndi myndi biðjast afsökunar. Mál þetta var dómtekið 12. apríl sl. eftir að aðilar höfðu gert grein fyrir sjónarmiðum sínum. Stefndi krefst sýknu af kröfum áfrýjanda. Málið var tekið til dóms 12. apríl sl. í framhaldi eftir að aðilar höfðu gert grein fyrir sjónarmiðum sínum.


Málavextir eru raktir í hinum áfrýjaða dómi. Samkvæmt a-lið 2. töluliðar 35. gr. laga ÍSÍ er óheimilt að bera einstaklinga innan Íþróttahreyfingarinnar röngum sökum eða kæra þá að ástæðulausu. Þegar upp koma ásakanir um einelti eða gróft ofbeldi er mikilvægt að slik mál séu skoðuð og beint í ákveðinn farweg en hjá ÍSÍ er að finna aðgerðaráætlun og skilgreinda verkferla varðandi slik mál, auk reglna um hegðunarviðmið fyrir þjálfara, stjórnendur o.fl. Þá verður jafnframt að gera kröfur til félaga innan ÍSÍ að þau gæti hófs í framsetningu slikra mála ekki síst við upphaf rannsóknar þeirra. Í töluskeyti stefnda til Hjólreiðasambands Íslands (HRI) þann 11. nóvember 2020 er að finna alvarlegar fullyrðingar um háttsemi áfrýjanda og kröfur um að honum verið vikið úr félagsstörfum innan HRI. Þessar kröfur og fullyrðingar eru settar fram án þess að fyrir liggi viðunandi gögn eða rannsókn á réttmæti þeirra og án þess að áfrýjanda hafi verið gefinn kostur á að tjá sig um þær. Í stað þess að kalla eftir rannsókn á réttmæti þessara fullyrðinga og nýta þá verkferla sem standa til boða, er fullyrt um ósæmilega háttsemi áfrýjanda og þess krafist að honum verið vikið úr störfum hjá HRI. Þessi háttsemi stefnda er ámælisverð og gengur gegn a lið 2 tl. 35.1. gr laga ÍSÍ. Með vísan til þessa er fallist á kröfu áfrýjanda um að stefndi hafi brotið gegn lögum ÍSÍ, einkum a lið 2. tl. 35.1 þannig að varði áminningu, sbr. einnig 36.2. í lögum ÍSÍ.

Dómsorð

Stefndi er áminntur fyrir brot á lögum Íþrótt- og Olympiusambands Íslands, sbr. ákvæði 36.2 í lögum ÍSÍ með því að setja fram staðhæfingar í formlegu erindi til stjórnar Hjólreiðasambands Íslands þann 11. nóvember 2020 og krefjast útilokunar áfrýjanda frá störfum á vettvangi sambandsins.


Helga Melkorka Óttarsdóttir

Helgi Sigurðsson


Hulda Árnadóttir